



**Byggðastofnun**  
Próunarsvið

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/521*  
*komudagur 8.12.2003*

Dagsetning  
4.12.2003

Félagsmálanefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Félagsmálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til sveitarstjórnarlaga 30. mál, lágmarksstærð sveitarfélags.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun hefur áður veitt umsögn um hliðstætt mál og vísar til þeirrar umsagnar. (**Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga 135. mál, lágmarksstærð sveitarfélaga dags. 31.3.2001**). Stofnunin vill hins vegar einnig benda á að það eru fleiri þættir en fjöldi íbúa í sveitarfélagi, sem hafa mikil áhrif á möguleika sveitarfélaga til að taka að sér verkefni og þjónustu.

Byggðastofnun hefur nýverið látið vinna úttekt á breytingum á aldurssamsetningu í sveitarfélögum og á stærri svæðum á síðustu tíu árum. Niðurstaða úttektarinnar er að í mjög mörgum sveitarfélögum landsbyggðarinnar hefur orðið gríðarleg fækkun í aldursárgöngum sem eru uppistaða fólks á vinnumarkaði. Því er örðugt er að sjá hvernig þau muni ná að sinna þeim verkefnum sem lög gera nú ráð fyrir. Augljóst virðist að móta þarf breyttar áherslur í þessum efnum og nauðsynlegt að taka breytta aldurssamsetningu og líklega þróun hennar til umræðu í tengslum við breytingar á samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson  
Ráðgjafi próunarsviðs  
Byggðastofnunar

Alþingi  
Erindi nr. P 130/670  
komudagur 29.12.2003  
**EYÞING** – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang [eything@est.is](mailto:eything@est.is)


Akureyri 23. desember 2003

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá félagsmálanefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, 30. mál, lágmarksstærð sveitarfélaga. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Ríki og sveitarfélög hafa nýhafið sameiginlegt átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Stjórn Eyþings telur frumvarpið því ótímabært og leggst gegn samþykkt þess. Stjórnin tekur hins vegar undir það sjónarmið að sveitarfélögin þurfi að eflast og stækka.

f.h. stjórnar Eyþings

  
Pétur Þór Jónasson  
framkv.stjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 130/620  
komudagur 15.12.2003



Alþingi Íslendinga  
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

## FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804  
Netfang: postur@fel.stjr.is  
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 11. desember 2003  
Tilvísun: FEL03110038/Alþingi/GB/--


Vísað er til bréfs skrifstofu Alþingis, dags. 18. nóvember 2003, þar sem fram kemur að félagsmálanefnd Alþingis hafi ákveðið að óska eftir álitum félagsmálaráðuneytisins á frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, sem lagt hefur verið fram á þingskjali 30 - 30. mál. Í frumvarpinu er lagt til að lágmarksíbúatala í sveitarfélögum verði hækkuð úr 50 í 1.000 og að þessi breyting taki til sveitarfélaga sem hafa færri en 1.000 íbúa í 3 ár samfleytt frá 1. janúar 2004. Flutningsmenn eru Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir og Helgi Hjörvar.


Ráðuneytið er sammála þeim markmiðum sem lýst er í greinargerð með frumvarpinu, þ.e. að stuðla beri að eflingu sveitarstjórnarstigsins. Fækkun og stækkun sveitarfélaga er þó aðeins einn af mörgum þáttum sem huga þarf að til að ná því marki að efla sveitarfélögin og tryggja að þeim sé kleift að uppfylla skyldur sínar gagnvart íbúum. Félagsmálaráðherra hefur nýlega skipað verkefnisstjórn sem hefur það hlutverk að efla sveitarstjórnarstigið, meðal annars með því að vinna að sameiningu sveitarfélaga. Verkefnisstjórnin hefur lagt áherslu á að vinna verkefnið í eins mikilli sátt við sveitarstjórnarmenn og mögulegt er. Hvað þetta varðar gengur frumvarpið í andstæða átt og telur ráðuneytið ástæðu til að setja vara við því að löggjafinn mæli fyrir um tiltekinn lágmarksíbúafjölda í sveitarfélögum, a.m.k. áður en komið er í ljós hver árangurinn verður af starfi verkefnisstjórnar. Einnig má draga í efa þau rök sem færð eru fyrir þeirri íbúatölu sem miðað er við í frumvarpinu.

Ráðuneytið telur einnig rétt að minna á að í 78. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Ákvæðið veitir löggjafanum heimild til að setja í lög fyrirmæli til sveitarfélaga. Eðlilegt er hins vegar að þeirri heimild verði beitt í hófi og að ekki sé þá gengið lengra en ástæða er til.

Ráðuneytið mælir ekki með samþykkt frumvarpsins, með vísan til framangreindra ástæðna.

F. h. r.

  
Hermann Sæmundsson

  
Guðjón Bragason



Alþingi  
Erindi nr. P 130/879  
komudagur 28.1.2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur á fundi sínum 14. jan. s.l. tekið til umfjöllunar þau mál sem borist hafa frá Alþingi á síðustu vikum og óskað er eftir umsögn um.

Hér fara á eftir þær ályktanir sem stjórnin gerði og sendast þær hér með.

31. mál.

Tillaga til þingsályktunar um vernd og sjálfbæra nýtingu lífvera á hafsbotni.

Stjórn F.V. varar við einhliða friðun án undangenginna rannsókna. Stjórn F.V. telur að fyrst þurfi að fara fram rannsóknir og niðurstöður þeirra skuli liggja til grundvallar hugsanlegri friðun svæða á hafsbotni. Stjórn F.V. getur því ekki mælt með tillögunni eins og hún liggur fyrir.

Stjórn F.V. hvetur hins vegar til þess að rannsóknir á lífríki hafsins séu elfdar svo sem kostur er.

24. mál.

Tillaga til þingsályktunar um stofnun stjórnsýsluskóla.

Stjórn F.V. mælir með tillögunni. Jafnframt bendir stjórnin á þau tilmæli í

Byggðaaætlun Vestfjarða að séu settar á fót nýjar stofnanir á vegum hins opinbera skuli þeim fundinn staður á landsbyggðinni.

Með stofnun háskólaseturs á Ísafirði væri hægt að fá því verkefni á borð við það sem tillagan gerir ráð fyrir.

35. mál.

Tillaga til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs.

Stjórn F.v. mælir með tillögunni og telur að fyllsta ástæða sé til að styðja við aukið forvarnarstarf.

91. mál

Frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Stjórn F.V. tekur ekki afstöðu til frumvarpsins en telur þörf á samræmingu reglna um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga þar sem þær reglur eru afar mismunandi milli sveitarfélaga.

45. mál.

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum.

Stjórn F.V. tekur undir að samræma þarf byggðaaðgerðir og vinna að þeim eftir fyrirframgerðum áætlunum. Stjórnin minnir á vestfirska byggðaaætlun og nauðsyn markvissra aðgerða.

X 30. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnrlögum.

Stjórn F.V. telur ekki tímabært að setja reglur um lágmarksfjölda íbúa meðan nefnd er að störfum á vettvangi Sambands sveitarfélaga sem vinnur að tillögum um stækkun sveitarfélaga.

Mál 307.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum.

Stjórn F.V. telur að heildarsamræmingu þurfi á réttindum og skyldum allra starfsmanna bæði í opinberri þjónustu og einkarekstri. Á þessu stigi sé því ekki rétt að taka eitt atriði út úr lögum.

Mál 306.

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

Stjórn F.V. telur eðlilegt að samræmi sé milli fyrirtækja í greiðslu fasteignaskatta  
Stjórn F.V. telur það horfa til bóta að orkufyrirtækin greiði fasteignaskatt af húseignum eins og önnur fyrirtæki.

Mál 305.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Stjórn F.V. styður afgreiðslu frumvarpsins þar sem hér er um að ræða hækkun á stofnstyrkjum til að koma á fót hitaveitu til húshitunar.

Þannig bókað á fundi í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga 14. janúar 2003.


Virðingarfyllt.

Ísafirði 15. janúar 2003.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson.



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/645*  
*komudagur 19.12.2003*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálanefnd Alþingis  
b.t. Stefáns Árna Auðólfssonar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 15. desember 2003

Sam 346/2003 PS/sp  
Tilv.: 215,0

### **Efni: Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 12. desember, var lagt fram bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 18. nóvember 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, 30. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn um frumvarpið.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum



# Umsögn

## Sambands íslenskra sveitarfélaga

### um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, 30. mál

Í frumvarpinu er gerð sú breyting á 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 að lágmarksíbúatala í sveitarfélagi er hækkuð úr 50 íbúum í 1000 íbúa.

Stjórnin er sammála því sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að efling sveitarfélaga sé afar mikilvægur þáttur í því að tryggja íbúum landsins góð lífsskilyrði. Jafnframt vísar hún til ályktunar síðasta landsþings sambandsins, sem haldið var á Akureyri í september 2002. Þar var samþykkt að vinna að stækkun og eflingu sveitarfélaganna þannig að hvert sveitarfélag myndi heildstætt þjónustu- og atvinnusvæði og geti staðið undir lögbundinni þjónustu sinni.

Jafnframt vísaði landsþingið til stefnumörkunar sambandsins í byggðamálum þar sem m.a. kemur fram: Sveitarfélögin verði stækkuð og eflað til að þau ráði betur við núverandi sem og ný verkefni. Markvisst verði unnið að því á fyrri hluta þessa kjörtímabils að stækka sveitarfélögin með frjálstri sameiningu. Í þeirri vinnu verði stærð sveitarfélaganna við það miðuð að þau nái a.m.k. yfir heildstæð atvinnu- og þjónustusvæði. Náist þetta markmið ekki á þeim tíma er lagt til að Samband íslenskra sveitarfélaga beiti sér fyrir því, í samráði við ríkisvaldið, að leitað verði annarra leiða til að það markmið náist fyrir lok kjörtímabilsins 2006.

Með hliðsjón af framangreindri stefnumörkun hafa Samband íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytið hafið sameiginlega vinnu við átak í sameiningu sveitarfélaga. Verkefnisstjórn hefur verið skipuð til að vinna að því verkefni og endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og verkefnastjóri ráðinn. Einnig hafa verið skipaðar undirnefndir til að vinna að heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og sameiningu sveitarfélaga. Verkefnisstjórn heldur fundi með sveitarstjórnarmönnum í öllum landshlutum undir yfirskriftinni *Efling sveitarfélaga* og eru þegar afstaðnir þrír slíkir fundir og a.m.k. sex til viðbótar verða haldnir eftir áramót. Því er ljóst að sameining sveitarfélaga mun verða mikið til umfjöllunar á vettvangi sveitarfélaganna á næstu misserum.


Með vísan til þeirrar vinnu sem nú er hafin á vegum sambandsins og félagsmálaráðuneytisins við átak í sameiningu sveitarfélaga, heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og stefnumörkunar landsþings sambandsins frá síðasta hausti getur stjórnin ekki mælt með samþykkt frumvarpsins.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 12. desember 2003.

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. Þ 130/931  
komudagur 4. 2. 2004



SAMBAND SVEITARFÉLAGA  
Á SUÐURNESJUM  
FITJUM - 260 NJARÐVÍK  
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279  
FAX: 421-3766

*Suðurnesjum 2. febrúar 2004.*

*Nefndasvið Alþingis  
Félagsmálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK.*

***Varðar umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 30. mál, lágmarksstærð sveitarfélags.***


*Á stjórnarfundum Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 29. janúar s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 18. nóv. 2003 þar sem óskað var til umsagnar um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 30. mál, lágmarksstærð sveitarfélags.*

*Eftirfarandi var fært til bókar.*

*Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.*

*Þetta tilkynnist hér með.*

*Virðingarfyllst,*

  
*Guðjón Guðmundsson framkv.stj.*

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 130/250**  
**komudagur 21. 11. 2003**



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis  
Félagsmálanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. nóvember 2003

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum, 30. mál.**

Samtök iðnaðarins styðja efni og tilgang ofangreinds frumvarps.

Á síðustu árum og áratugum hafa orðið miklar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og hefur tilhneigingin verið sú að færa ábyrgð og verkefni í auknum mæli til sveitarfélaganna.

Forsenda þess að sveitarfélög geti axlað aukna ábyrgð er að þau séu nægilega fjölmenn. Á það skortir verulega.

Þó að viðleitni stjórnvalda til að stækka sveitarfélög hafi skilað verulegum árangri er enn langt í land að tekist hafi að ná nauðsynlegum árangri. Það veldur sérstökum erfiðleikum hve sveitarfélögin eru misstór, það minnsta með 36 íbúa en það stærsta með 112.490. Sveitarfélög með 1.000 íbúa eða færri eru um 85 og þar af eru um 35 með 100 íbúa eða færri.

Samtök iðnaðarins telja nauðsynlegt að þessi mál verði tekin föstum tókum og sameiningu sveitarfélaga verði hraðað og sett ákvæði um lágmarksstærð þeirra. Samtök iðnaðarins treysta sér ekki til þess að leggja nákvæmt mat á draga skal þau mörk en telja þó að þau megi ekki vera lægri en frumvarpið gerir ráð fyrir, sennilega ættu þau að vera talsvert hærri.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Jón Steindór Valdimarsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri



# SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P 130/522

komudagur 8.12.2003

Selfossi, 5. desember 2003


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 3. desember sl., var tekið fyrir erindi, dags. 18. nóvember 2003, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 30. mál, lágmarksstærð sveitarfélags. Efirfarandi umsögn var samþykkt:

Stjórn SASS telur ekki rétt að samþykkja frumvarp af þessu tagi nú, þegar sérstakt áttak er nýhafið í samvinnu ríkisvaldsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um sameiningu sveitarfélaga og eflingu sveitarstjórnarstigsins. Árangur af því áttaki verður að koma í ljós áður en ný lágmarksstærð sveitarfélaga verður ákveðin. Stjórnin tekur þó undir það meginsjónarmið að sveitarfélögin þurfa að stækka og eflast.

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri

# SSNV. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Kt. 541292-2419. Pósthólf 130. 530 Hvammstangi. Sími: 455 2510. Fax: 455 2509. ssnv@simnet.is

*Alþingi*

*Erindi nr. P 130/674*

*komudagur 30.12.2003*

Nefndasvið Alþingis  
Félagsmálanefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Hvammstanga 14. desember 2003


Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum. 30. mál.

Á fundi stjórnar SSNV, sem haldinn var 9. desember sl, frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum. 30. mál, tekið til umsagnar og eftirfarandi bókun gerð:

„ Stjórn SSNV leggst gegn samþykkt frumvarpsins nú þegar sérstakt átak er nýhafið um sameiningu sveitarfélaga og eflingu sveitarstjórnarstigsins. Árangurinn af því átaki verður að koma í ljós áður en lágmarksstærð sveitarfélaga verður breytt.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt



Bjarni Þór Einarsson,  
framkvæmdastjóri SSNV.